

Mál nr. 41/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags v/ sundlaugar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona gekk yfir þröskuld í sundlaug.****Gögn.**

3. Málskot, móttakið 28.1.2013, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf X, dags. 18.2.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt lýsingu í málskoti var M á leið upp úr sundlaug í sveitarfélaginu V hinn 17.7.2012. Hafi hún verið á leið inn í búningsklefa og til að komast þangað hafi hún þurft að fara í gegnum gang og síðan yfir þröskuld. Fyrir neðan þröskuldinn hafoi legið brekka sem hafi verið bæði blaut og hál þegar slysið hafi átt sér stað. Engin motta hafi legið á sjálfri brekkunni og ekki hafi verið neinar varúðarmerkingar á leiðinni að henni sem sundlaugargestir hafi ekki komist hjá eftir að komið var upp úr sundlauginni með tilheyrandi bleytu. Kveður M brekkuna hafa verið klára slysgildru og aðstæður m.a. farið í bága við ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V, eiganda sundlaugarinnar, hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. Af hálfu X er því haldið fram að á fyrirbyggjandi ljósmyndum komi fram að umrædd brekka sé í raun smávægilegur halli, um 10 cm breiður, innan við dyr inn í húsnaði sundlaugarinnar og gólfefni séu útbúin sérstakri og hefðbundinni hálkuvörn, þ.e. að í þeim sé sérstakur salli sem geri yfirborð þeirra hrjúft og stamt þrátt bleytu.

Álit.

Gögn um slysið og tildrög þess eru mjög takmörkuð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að brekka sú, sem M virðist rekja slysið til, hafi verið þannig úr garði gerð að hún hafi verið vanbúin þannig að V geti borið skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 5.mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.